



Gjaldskrá fyrir leiguhúsnæði Reykhólahrepps

Gjaldskár þessi er fyrir íbúðir í eigu Reykhólahrepps.

Eldri samningar í gildi;

Íbúðir í Reykhólaskóla m. hita og rafm. leiga pr. mán	1622 kr/fm
---	------------

Íbúð á neðstu hæð 30 fm.

Íbúð á efstu hæð 96,5 fm.

Íbúð í Reykhólaskóla án rafm. og hita, leiga pr. mán.	1497 kr/fm
---	------------

Jenshús 135 fm. (25% hluti í geymslum)

Íbúðir í húsnæði Barmahlíðar m. hita og rafm., leiga pr. mán.	1622 kr/fm
---	------------

Íbúð efri hæð – suðurendi 89,7 fm.

Íbúð efri hæð – við lyftu 28 fm.

Íbúð efri hæð – móti lyftu 48 fm.

Íbúð neðri hæð – norðurendi 64,6 fm.

Íbúð efri hæð – norðurendi 52,7 fm.

Nýjir samningar stofnaðir 1.1.2024 eða seinna;

Íbúð með hita og rafmagni leiga pr. mán.	1.800 kr/fm
--	-------------

Íbúð án hita og rafmagns leiga pr. mán.	1.600 kr/fm
---	-------------

Mæling á stærð íbúða er úr fasteignamati, eða raunmæling gerð í janúar 2017, þar sem það á við.

Sveitarstjórn samþykkir árlega gjaldskrá fyrir leiguíbúðir sveitafélagsins. Húsaleiga er greidd eftir á, gjalddagi húsaleigu er síðasti dagur líðandi mánaðar, eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluverðsvísitölu í desember 2024 (638 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. desember 2024.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri



Reglur um úthlutun húsnæðis í Reykhólahreppi.

1. KAFLI Íbúðir Reykhólahrepps

1. gr.

Reykhólahreppur á og rekur íbúðir til leigu, íbúðirnar eru einkum ætlaðar til að mæta þörf á íbúðum fyrir starfsfólk sveitarfélagsins vegna rekstur stofnanna á vegum sveitarfélagsins, aldraða og fyrir fólk vegna félagslegra aðstæðna.

2. gr.

Mat á umsóknum.

Við mat á umsóknum skal meðal annars líta til eftirfarandi aðstæðna umsækjanda:

1. Er umsækjandi starfsmaður sveitarfélagsins.
2. Lögheimili í Reykhólahreppi.
3. Núverandi húsnæðisaðstæðna.
4. Fjölskylduaðstæðna, þ. á m. fjölskyldustærðar og fjölda barna.
5. Heilsufars og vinnugetu.

3. gr.

Húsnæðisnefnd Reykhólahrepps samþykkir matsblað með stigagjöf og leiðbeiningum sem lagt er til grundvallar forgangsörðun um úthlutun íbúða. Hver umsækjandi fær stig samkvæmt matsblaðinu og skal stigafjöldinn vera ráðandi um forgangsörðun. Húsnæðisnefnd reiknar út stigagjöfina sem skal kynnt umsækjanda.

4. gr.

Umsóknir um leiguíbúðir berast húsnæðisnefnd sem aflar frekari upplýsinga um aðstæður umsækjanda, reiknar út stigafjölda, heldur utan um biðlista eftir íbúðum og gerir tillögur um úthlutun á grundvelli forgangsörðunar. Skrifstofa úthlutar íbúðum og verður afgreiðsla kynnt öllum umsækjendum.

5. gr.

Umsóknir skal endurnýja á 6 mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. Íbúðum sem sagt hefur verið lausum verður úthlutað á næsta fundi húsnæðisnefndar. Lausar íbúðir verða ekki auglýstar nema ef engar umsóknir liggja fyrir.

II. KAFLI Íbúðir innan stofnana sveitarfélagsins.



6. gr.

Íbúðir í Reykhólaskóla eru leiguíbúðir ætlaðar starfsfólki skólans. Forgang að leiguíbúðum í skólanum hafa starfsmenn Reykhólaskóla og eiga lögheimili í Reykhólahreppi.

7. gr.

Íbúðir á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð, eru leiguíbúðir ætlaðar starfsfólki hjúkrunarheimilisins og öldruðum. Forgang að leiguíbúðum hafa starfsmenn þessara stofnana og aldraðir sem hafa náð 60 ára aldri og eiga lögheimili í Reykhólahreppi.

8. gr.

Íbúðir að Hellisbraut 66a – 68b eru leiguíbúðir ætlaðar starfsfólki Reykhólahrepps. Forgang að leiguíbúðunum hafa starfsmenn Reykhólahrepps sem eiga lögheimili í Reykhólahreppi.

9. gr.

Umsóknir um leiguíbúðir berast húsnæðisnefnd sem aflar frekari upplýsinga um aðstæður umsækjanda, reiknar út stigafjölda, heldur utan um biðlista eftir íbúðum og gerir tillögur um úthlutun á grundvelli forgangs röðunar. Skrifstofa úthlutar íbúðum og verður afgreiðsla kynnt öllum umsækjendum.

10. gr.

Umsóknir skal endurnýja á 6 mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. Íbúðum sem sagt hefur verið lausum verður úthlutað á næsta fundi húsnæðisnefndar. Lausar íbúðir verða ekki auglýstar nema ef engar umsóknir liggja fyrir.

III. KAFLI Umgengnisreglur í fjölbýlishúsum

11. gr.

Íbúar húseigna Reykhólahrepps og gestir þeirra skulu ganga um sameign, garða og bílastæði af snyrtimennsku og virðingu fyrir öðrum íbúum. Sérstaklega skal gæta að húsfriði milli klukkan 23:00 og 07:00. Íbúar skulu sjá til þess að gestir á þeirra vegum fari að reglum þessum í hvívetna.

12. gr.

Gangar í sameign eru ætlaðir til umgangs að og frá íbúðum. Óheimilt er að nota þá sem leiksvæði eða sem geymslu fyrir muni, skófatnað eða rusl. Reiðhjól, kerrur og vagnar skulu geymdir í þar til gerðum geymslum eða í sérgeymslu viðkomandi íbúða.



13. gr.

Íbúar skulu skila heimilissorpi, flokkuðu sorpi og öðru sem til fellur, pappakössum, ónýtum húsgögnum, dagblöðum o.þ.h. í gáma á endurvinnslusvæði Reykhólahrepps.

14. gr.

Íbúar skulu í sameiningu kappkosta að halda sameign snyrtilegri og skiptast á að gera hreint og halda geymslum í horfi, þar sem við á. Óhreinki íbúi eða gestir hans sameign umfram það sem eðlileg umgengni hefur í för með sér skal íbúinn sjá til þess að hreinsa óhreininndin eins fljótt og auðið er. Reykingar í sameign eru bannaðar. Óheimilt er að henda sígarettustubbum og öðru rusli á lóðir og bílastæði. Um dýrahald fer samkvæmt lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús og samþykktar um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

15. gr.

Íbúar skulu sjá um þrif á sameign til skiptis í viku í senn samkvæmt vikuskipulagi hvernar húseignar. Eftirtalin verk falla undir vikulegar skyldur við sameign:

1. Ryksuga og skúra sameign (1 skipti)
2. Þurrka ryk úr gluggakistum, af póstkössum o.þ.h. og pússa gler. (1 skipti)
3. Eftirlit með ruslatunnum.
4. Hirðing lóðar eftir þörfum.

16. gr.

Hafi íbúi ekki tök á að sinna skyldum sínum þá viku sem honum er ætluð, skal hann gera ráðstafanir til að verkum sé sinnt, t.d. með því að skipta eða semja við aðra íbúa. Takist það ekki skal íbúi semja við umsjónarmann viðkomandi fasteignar um hreingerningu gegn greiðslu kostnaðar.

17. gr.

Brot á reglum þessum teljast til brota á húsleigusamningi. Endurtekin brot varða riftingu samningsins.

18. gr.

Sinni íbúar almennt ekki skyldum sínum er heimilt að breyta fyrirkomulagi á umsjón með sameign og hækka greiðslur íbúa á húsaleigu til að mæta kostnaðarauka sem af því hlýst.

19. gr. Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
sveitarstjóri.

Samþykkt af húsnaðisnefnd Reykhólahrepps 6. mars 2017.

Samþykkt af sveitarstjórn Reykhólahrepps 9. mars 2017.

Uppfærðar af sveitarstjórn Reykhólahrepps 15. janúar 2025